



KVENNASKÓLINN
Í REYKJAVÍK

Útgáfudagur 02.02.2026

Ábyrgðaraðili: Skólameistari

Leiðbeiningar um viðbrögð í neyðartilvikum

6 Eldgos

Leiðbeiningarnar eiga við áður en lögregla eða aðrir viðbragðsaðilar koma á staðinn. Eftir að lögregla kemur skal hlýða fyrirmælum hennar

Eldgos geta hafist fyrirvaralaust, en gera þó oftast boð á undan sér, t.d. með jarðskjálftum og óróa sem greinast á mælum. Hætta vegna eldgosa stafar helst af eitruðum gastegundum, jökulhlaupum, öskufalli og eldingum.

Nánari upplýsingar og tilkynningar er hægt að finna á www.almannavarnir.is

6.1 Almennar leiðbeiningar

- Aftengja skal öll rafmagnstæki frá straumgjafa þegar gosmökk leggur yfir byggð
- Hlífa viðkvæmum raftækjum t.d. með plasti eða álíka umbúðum og taka ekki utan af þeim fyrr en búið er að hreinsa upp alla ösku í kringum þau
- Byrgja glugga sem snúa að eldstöð meðan gos varir og loka fyrir reykþáf vegna öskufalls
- Loka hurðum og gluggum. Þetta glugga ef með þarf
- Setja rök handklæði fyrir þröskulda og annars staðar til að koma í veg fyrir dragsúg og halda sig sem mest innandyrna í öskufalli
- Forðast að vera í nánd við loftlínur, hávaxin tré, staura, þvottasúrur, rafmagnsvirki, möstur og farartæki hvers konar
- Dvelja ekki á flatlendi meðan hætta er talin á jökulhlaupi
- Ekki halda á hlutum sem leitt geta rafmagn
- Koma sér stystu leið út úr öskufalli með því að fara þvert á vindátt
- Setja grímu, vasaklút eða fatnað fyrir nef og munn, og augnhlífir fyrir augu ef nauðsynlegt er að vera úti í öskufalli
- Fólk sem þjáist af langvinnum hjarta- og lungnasjúkdómum haldi sig innandyrna og forðist að komast í snertingu við ösku að óþörfu
- Halda sig þar sem vindur blæs
- Fara alls ekki niður í lægðir og djúpar lautir eða kjallara, þar sem gas kann að safnast fyrir. Gasið er banvænt eitur og í flestum tilvikum lyktarlaust og ósýnilegt
- Hlusta eftir tilkynningum og fréttum í fjölmiðlum og fara eftir þeim fyrirmælum sem kunna að vera gefin
- Fylgjast vel með veðurfregnum og öskufalls- og gasspám

Ekki miðla sögusögnum, óstaðfestum fregnum eða myndefni á samfélagsmiðlum eða annars staðar á internetinu.

6.2 Leiðbeiningar fyrir kennara og starfsfólk

- Hafa samband við Neyðarlínu í síma 112 eða lögreglu ef þörf er á aðstoð
- Reyna að koma nemendum burt frá hættunni
- Hafa strax samband við stjórnendur skólastofnunar
- Meta hvort einhver er meiddur eða alvarlega slasaður og veita almenna skyndihjálp
- Aðstoða lögreglu og aðra viðbragðsaðila á vettvangi
- Reyna skal eftir föngum að halda nemendum frá ljótum aðstæðum og viðkvæmum vettvangi
- Starfsfólk skal sinna öðrum verkefnum og hlutverkum samkvæmt viðbragðsáætlun skólans þar til lögregla eða aðrir viðbragðsaðilar koma á vettvang

Ekki miðla sögusögnum, óstaðfestum fregnum eða myndefni á samfélagsmiðlum eða annars staðar á internetinu.

6.3 Leiðbeiningar fyrir neyðarstjórn skólastofnunar

- Hafa samband við Neyðarlínu í síma 112 eða lögreglu ef þörf er á aðstoð
- Virkja neyðarstjórn viðkomandi skólastofnunar eftir þörfum
- Samskipti við foreldra og aðstandendur eru í höndum neyðarstjórnar og þeirra sem hún tilnefnir til þess verkefnis eins og þurfa þykir
- Hafa samráð við lögreglu vegna samskipta við aðstandendur
- Samskipti við lögreglu eru í höndum neyðarstjórnar og skólameistara
- Starfsmenn neyðarstjórnar fá upplýsingar og sjá um að halda boðleiðum opnum
- Senda viðeigandi tilkynningar til nemenda og starfsfólks í samráði við lögreglu
- Vera viðbúin því að vera í samskiptum við fjölmiðla, hafa samráð við lögreglu varðandi upplýsingagjöf til fjölmiðla
- Upplýsa aðstandendur
- Hafa aðstandendalista tiltækan svo hægt sé með skjótum hætti að senda skilaboð eða veita lögreglu upplýsingar